

# Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

**Númer fundar:** 1012

**Dagsetning:** 23. janúar klukkan 8:30

**Staðsetning fundar:** Álfabakka 16, Reykjavík.

**Fundinn sátu:** Guðlaug Unnur Þorsteinsdóttir (GUP) sat fundinn undir liðum 1 til 4, Helgi Þorsteinsson (HP), Nanna Sigríður Kristinsdóttir (NSK), Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir (RÓE), Sigríður Dóra Magnúsdóttir (SDM), Svava Kristín Þorkelsdóttir (SKP) og Brjánn Jónasson (BJ), sem ritaði fundargerð.

**Gestir fundarins:** Elínborg Bárðardóttir, yfirlæknir hjá HH, sat fundinn undir lið 6.

## Efni fundarins

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 16. janúar 2024 tekin til umræðu og samþykkt samhljóða.

### 2. Fundir á næstunni

Farið var yfir fundi framkvæmdastjórnar í vikunni.

### 3. Tillögur um fjarskiptakostnað

BJ kynnti tillögur starfshóps um endurskoðun á reglum um stuðning við starfsfólk HH vegna farsímakaupa, áskriftar og fleira. Framkvæmdastjórn tók vel í tillögurnar og fól BJ að vinna drög að verklagsreglum byggt á vinnu hópsins, með minniháttar breytingum.

### 4. Breytingar á skipulagi mannauðssviðs

SKP kynnti breytingar á skipulagi sviðs mannauðs og nýliðunar. Sett verða upp þrjú teymi innan skrifstofunnar sem munu sinna ráðningum og vinnuumhverfi, kjara- og launamálum, og fræðslu og viðburðum. Einn mannauðsráðgjafi mun bera ábyrgð á hverju teymi. Þá mun sviðið flytja í opið rými á skrifstofu HH. Framkvæmdastjórn samþykkir breytingarnar.

### 5. Starfsmannamál

Umræður um ýmis starfsmannamál.

### 6. Heilsugæslan Efstaleiti

Elínborg Bárðardóttir, yfirlæknir hjá HH, kom á fundinn til að ræða um stöðu húsnæðis og mönnun hjá Heilsugæslunni Efstaleiti.

### Aðgerðir og verkefni

- Vinna þarf verklagsreglur vegna farsímakaupa og áskrifta starfsfólks HH, sjá lið 3.  
Ábyrgð: BJ
- Ljúka þarf vinnu við að breyta skipulagi sviðs mannauðs og nýliðunar í samræmi við kynningu, sjá lið 4.  
Ábyrgð: SKÞ

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 11:50